

Morgunblaðið

Útgefandi hf. Árvakur, Reykjavík.
Framkvæmdastjóri Haraldur Sveinsson.
Ritstjóri Matthías Johannessen,
Styrmir Gunnarsson.
Fulltrúar ritstjóra Þorbjörn Guðmundsson,
Björn Jóhannsson.
Fréttastjóri Freysteinn Jóhannsson,
Magnús Finnsson,
Sigtryggur Sigtryggsson.
Auglýsingastjóri Baldvín Jónsson.

Ritstjórn og skrifstofur: Aðalstræti 6, sími 10100. Auglýsingar: Aðalstræti 6, sími 22480. Afgreiðsla: Skeifunni 19, sími 83033. Áskriftargjald 180 kr. á mánuði innanlands. Í lausasölu 15 kr. eintakið.

„Voldugasti fjölmiðill þessa lands“

Árni Gunnarsson, þingmaður Alþýðuflokksins og fyrrum fréttamaður útvarps, ritaði forystugrein í Alþýðublaðið 16. júní 1982 og snerist hún um Morgunblaðið og stöðu þess meðal íslenskra fjölmiðla. Þar sagði meðal annars: „... Er það engu að síður staðreynd að Morgunblaðið er nú einn voldugasti fjölmiðill þessa lands, ef ekki sá allra voldugasti. Ætla má, að um 150 þúsund Íslendingar lesi Morgunblaðið á hverjum einasta degi og sjaldan eða aldrei hefur útbreiðsla, stærð, auglýsingamagn í Morgunblaðinu verið meira en nú. Flestar líkur benda til þess að Morgunblaðið sé áhrifameiri fjölmiðill en útvarp og sjónvarp. Ástæðan er einfaldlega sú, að sérfræðingar þykjast hafa komist að þeirri niðurstöðu að betur komist til skila það sem menn lesa svart á hvítu, heldur en það sem þeir sjá og heyra í fjölmiðlum.“

Þessi orð Árna Gunnarssonar eru rifjuð upp nú í tilfni af fjölmiðlakönnun Sambands íslenskra auglýsingastofa sem birt var í síðustu viku. Í þeirri könnun felst ekki mat á því atriði sem Árni gerir að umtalsefni, hvort það hafi meiri áhrif á menn að lesa um mál svart á hvítu eða sjá atvik á skjánum, sjá og heyra menn gefa yfirlýsingar eða hlusta á talað mál í útvarpi. Erfitt er að slá nokkru föstu um þetta og móta algilda reglu. Og víst er að sjónvarp og útvarp eru miklu áhrifameiri miðlar til skyndimótunar á almenningsáliti ef þannig má að orði komast en dagblöð. Þessir miðlar ljósvakans vekja hins vegar fljótt hjá mönnum leiða sé dagskrá þeirra eða mat á atburðum of einhæft, og kerfissjónarmið opinberrar einokunarstarfsemi á síst af öllu heima í fjölmiðlastarfi opinna þjóðfélaga. Þess vegna kemur ekkert á óvart þótt íslensku ríkisfjölmiðlarnir eigi í vök að verjast og er skiljanlegt hvers vegna starfsmenn þeirra óttast svo mjög afnám ríkis-einokunarinnar og raun ber vitni, þegar þeir halda ekki einu sinni í við dagblað.

Fjölmiðlakönnun auglýsingastofa staðfestir það sem Árni Gunnarsson segir um útbreiðslu Morgunblaðsins og afnot tug og jafnvel hundruð þúsunda Íslendinga af blaðinu á hverjum degi. Það, sem kemur kannski mest á óvart þegar menn rýna í tölurnar í fjölmiðlakönnuninni, er að sjá, að töluvert færri horfa til dæmis á fréttir sjónvarpsins dag

hvern en lesa Morgunblaðið. Á landinu í heild er Morgunblaðið lesið af 69,83% landsmanna en á fréttir í sjónvarpi horfa 63,85% til 65,27% eftir dögum. Fyrir utan fréttir ræðst það vafalaust mest af því hvað efni sjónvarps fær viðtæka kynningu til dæmis í Morgunblaðinu hve mikill fjöldi fólks horfir á viðkomandi þátt. Og miðað við almenna útbreiðslu Morgunblaðsins og mikinn lestur þess er enginn vafi á því, að blaðið er betri auglýsingamiðill en bæði sjónvarp og útvarp. Í þessu efni er ekki unnt að vera með samanburð við önnur lönd, því það þekktist tæpast í hinum opnu þjóðfélögum Vesturlanda að dagblað njóti jafn almennrar útbreiðslu og Morgunblaðið. Í þessum löndum eru sjónvarpsauglýsingar besta leiðin til að ná til sem flestra neytenda, hér á landi er það Morgunblaðið. Um þessa staðreynd verður ekki deilt eftir nýjustu könnun Sambands íslenskra auglýsingastofa.

Vandi verðlagsstjóra

Skúli Jónsson, fulltrúi Vinnuveitendasambands Íslands í verðlagsráði, skýrði frá því hér í blaðinu í gær, að hann líti ekki þannig á að ráðið standi að baki verðlagsstjóra í síðustu lögbannsaðgerðum gegn borgarstjórn Reykjavíkur og þeirri ákvörðun að kæra borgaryfirvöld fyrir Rannsóknarlögreglu ríkisins. Af hálfu verðlagsstjóra, meðal annars í auglýsingu hér í blaðinu, hefur verið látið í það skína, svo að ekki sé meira sagt, að aðgerðir hans séu aðeins afleiðing af einróma áhuga verðlagsráðs á því að framfylgja lögum og rétti í landinu. Hér á þessum stað hefur að vísu verið á það bent, að í störfum sínum fylgi verðlagsráð ekki þeirri meginreglu að allir séu jafnir fyrir lögum.

Skúli Jónsson skýrir og frá því að verðlagsstjóri hafi verið búinn að senda fjölmiðlum fréttatilkynningu um afstöðu verðlagsráðs áður en ráðið fjallaði um hana. Þetta sýnir að svo sannarlega er þörf á að upplýsa fleiri fleti í starfsháttum verðlagsráðs, sem tekur mikilsverðar ákvarðanir er varða hag almennings. Hvernig er til dæmis með fundargerðir ráðsins? Liggja þær fyrir staðfestar strax að fundi loknum?

Kirkjulistsýning á Kjarvalsstöðum:



Gömul og ný listaverk af trúarlegum og kirkjulegum toga byrjuðu í gær að streyma til Kjarvalsstaða, vegna mikillar kirkjulistsýningar sem þar verður opnuð hinn 19. þessa mánaðar og stendur fram yfir páska. Safnað hefur verið merkur munur úr kirkjum víða um land, og einnig var listamönnum boðið að senda inn ný verk til sýningarinnar. Meðal merkra muna, sem í gær komu til Kjarvalsstaða, var altaristafla Ásgríms Jónssonar úr Stóra-Núpskirkju og skírnafontur úr Oddakirkju á Rangárvöllum frá 1804, eftir Ámunda smíð Jónsson.

Kirkjulistarnefnd skipa þeir Jóhannes S. Kjarval tilnefndur af Arki-tektafélagi Íslands, sr. Gunnar Kristjánsson frá Prestafélaginu og dr. Björn Th. Björnsson listfræðingur frá Bandalagi ísl. listamanna. Jóhannes fór í gærmorgun austur að Stóra-Núpi, Keldum, Odda og Hraungerðiskirkju, til að ná í gripi á sýninguna. Í Stóra-Núpskirkju er fyrrnefnd altaristafla eftir Ásgrím Jónsson. Björn Th. Björnsson sagði í samtali við blaðamann Morgunblaðsins í gær, að eftir að Ásgrímur kom heim hafi hann oft dvalið sumarlangt hjá séra Valdimar Briem á Stóra-Núpi, og hafi þá verið fært í tal við hann, að hann gerði altarið fyrir kirkjuna. Ásgrímur mun hafa verið allengí með verkið, en hann lauk því árið 1912, og síðan þá hefur taflan verið á Stóra-Núpi. Myndin er hins vegar máluð í húsinu Vinaminni við Mjóstræti í Reykjavík.

Altaristafla Ámunda á Keldum

Frá Stóra-Núpi hélt leiðangur Jóhannesar að Keldum á Rangárvöllum, þar sem til stóð að ná í altarið eftir Ámunda smíð Jónsson, sem gerð var árið 1792. Björn Th. segir töfluna hafa verið gerða fyrir Keldnakirkju á sínum tíma, og hafi hún þótt dýr.

Kirkjuklukka frá 13. öld og skírnafontur frá 1804 flutt



Björn Th. Björnsson með klukkuna góðu frá Mosfelli, sem Róbert Abraham taldi hljómfegurstu kirkjuklukku á Íslandi.

Báturinn sem tekinn var í Reykjavíkurhöfn með bláhvíta fánann að hún, kominn í eigu Þjóðminjasafns

„Varð skipherra að ganga undir fánana og beygja sig lítið eitt, því þeim var haldið lágt“


— segir í Öldinni okkar

ÞJÓÐMINJASAFNINU var í dag afhent að gjöf, bátur sá er var tekinn af danska varðskipinu Íslands Falk í Reykjavíkurhöfn, fyrir að hafa uppi bláhvíta fánann svonefnda, undanfara núverandi þjóðfána okkar. Atvik þetta átti sér stað 12. júní 1913, fyrir tæpum 70 árum og er frægt í Íslandssögunni. Það leiddi af sér hörð viðbrögð Reykjavíkinga, svo sem lesa má um í sagnfræðibókum og óumdeilanlegt er, að 22. nóvember sama ár er gefinn út konungsúrskurður um íslenskan sérfána og um skipun nefndar til að gera tillögur um gerð hans og líti. Þarna er því um að ræða ekki ómerkan atburð í sjálfstæðisbaráttunni.

Það var Ásbjörn Sigurjónsson á Álafossi, sem afhenti Þjóðminjasafninu bátinn, en báturinn var í eigu föður hans, Sigurjóns Péturs-



Íslendingar róá út að varðskipinu með bláhvíta fána á lofti, segir í myndatexta þessarar myndar, sem tekin er úr Öldinni okkar.



Sigurjón Pétursson og Einar Pétursson árið 1912, ári áður en umræddur atburður á sér stað.